# REGLUGERÐ

## um flutning á hættulegum efnum og segulmögnuðum hlutum með loftförum.

— Efnisyfirlit —

1. Orðaskýringar.
2. Gildissvið.
3. Flutningsákvæði.
4. Þjálfun.
5. Gildistaka o. fl.

### 1. ORÐASKÝRINGAR.

1.1. Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau þá merkingu sem hér segir:

a) **AIC:** Aeronautical Information Circular — Upplýsingabréf gefið út af flugmálastjórn.

b) **Flugrekandi:** Einstaklingur eða félag sem fengið hefur leyfi samgönguráðuneytis eða flugmálastjórnar, eftir því sem við á, til þess að stunda flugrekstur í atvinnuskyni.

c) **IATA:** Alþjóðasamband flugfélaga — International Air Transport Association.

### 2. GILDISSVIÐ.

2.1. Þessar reglur ásamt reglum útgefnum af International Air Transport Association (IATA), IATA Restricted Articles Regulation (IATA RAR), skulu gilda við flutning á hættulegum efnum og segulmögnuðum hlutum með loftförum skráðum á Íslandi og erlendum loftförum sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir. Þær gilda einnig þegar um er að ræða loftför er hefja sig til flugs, lenda á eða fljúga yfir íslenskt yfirráðasvæði.

Ath. Flugmálastjórn tilkynnir í upplýsingabréfi AIC gildistöku nýrrar útgáfu á IATA RAR og einnig hvar eintak er fáanlegt.

2.2. Flugrekandi, sem leyfi hefur til reglubundins flugs, óreglubundins flugs (leiguflugs) og þjónustuflugs, sem tekur bæði til farþega- og vöruflutninga, má flytja hættulegar vörur án sérstaks leyfis svo framarlega sem leyfilegt sé að flytja vöruna flugleiðis, skv. IATA RAR, og farið sé eftir þeim ákvæðum sem gilda um slíkan flutning.

2.3. Flugrekanda ber skylda til að sannprófa að þeim reglum, sem gilda um flutning á hættulegum vörum í ríki sem flogið verður yfir eða þar sem lending er fyrirhuguð, sé nákvæmlega fylgt og afla sér nauðsynlegra flutningsleyfa þar sem þess er krafist.

2.4. Afla þarf leyfis flugmálastjórnar til flutninga á hættulegum efnum sem ekki er fjallað um í IATA RAR. Umsókn um slíkt skal, ef unnt er, hafa borist flugmálastjórn í síðasta lagi þremur virkum dögum áður en flutningur á að eiga sér stað og hafa að geyma fullkomnar upplýsingar um vöruna og hvernig flutningi muni háttað.

2.5. Reglur þær, sem fjallað er um í 2.4. gilda ekki um sprengiefni, skotvopn, skotfæri, eldfim efni og annað sem er nauðsynlegt vegna öryggis flugsins, áhafnar og farþega.

Ath. Dæmi um slíka hluti eru merkjabyssa með skotfærum, fallhlífarljós auk neyðar- og viðvörunarbúnaðar.



**Endurprentað blað.**

3. FLUTNINGSÁKVÆÐI.

3.1. Pakka skal inn hættulegum efnum, merkja þau og stafla samkvæmt reglum IATA RAR og gildandi reglugerð um vöruflutninga með loftförum.

3.2. Flugrekanda ber skylda til að ganga úr skugga um að mótteknar vörur séu merktar eins og fyrirskipað er og að sjáanlegur hluti vörusendingar fullnægi fyrirmælum um pökkun.

3.3. Vara, sem afhent er til flutninga samkvæmt reglum IATA RAR, skal í öllum farmbréfum nefnd sínu rétta tæknilega heiti. Vöruheiti, vörumerki eða aðra vörumerkingu má ekki nota eina sér. Merkja skal vöruna í þeim flokki og með því vörunúmeri sem tilkynnt er í IATA RAR.

3.4. Áður en sending, sem í eru hættuleg efni, er dæmd hæf til flugflutnings skal hlutaðeigandi flugrekandi sjá til að sendandi afhendi flutningsvottorð (Shipper's Certification) og sendingin fullnægi að öðru leyti skilyrðum IATA RAR. Upplýsingar þær, sem í flutningsvottorðum skal tilgreina, er að finna í IATA RAR, kafla 1 og 9 (ekki geislavirk efni og geislavirk efni).
Sýnishorn af flutningsvottorðum eru í fylgiskjölum 1, 2 og 3.

3.5. Flutningur geislavirks efnis skal fara fram samkvæmt flutningsreglum International Atomic Energy Agency (IAEA) frá 1973 sem eru felldar inn í IATA RAR, hluta 2B (flutningsvottorð, sjá fylgiskjal 2). Til bráðabirgða má þó flytja vörusendingar samkvæmt eldri flutningsreglum, þ. e. frá 1967, sem felldar eru inn í IATA RAR, hluta 2A (flutningsvottorð, sjá fylgiskjal 3). Athuga ber mismun á flutningsvottorðum.

3.6. Þegar hættuleg efni eru flutt með loftfari, skal magn vörunnar, flokkur og staðsetning um borð greinilega tilgreint á hleðsluskýrslu (load-sheet). Sá aðili sem ber ábyrgð á hleðslunni skal tilkynna flugstjóra um slíkt hverju sinni.

3.7. Flugstjóra skulu látnar í té skriflegar upplýsingar um tegund vöru og leiðbeiningar um aðgerðir ef slys ber að höndum. Þessar upplýsingar gætu verið í formi afrits af flutningsvottorði (Shipper's Certification), skv. 3.4. að framan.

3.8. Í neyðartilvikum skal flugstjóri tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustu, að meðferðis sé hættulegt efni, og um leið, ef mögulegt er, gefa upplýsingar um tegund efnis, magn og staðsetningu þess um borð.

4. ÞJÁLFUN.

4.1. Starfsfólk, sem meðhöndla á hættuleg efni við hleðslu eða losun á loftfari eða á meðan á flutningi stendur skal áður hafa fengið fullnægjandi þjálfun í meðferð slíkra efna og upplýsingar um þær hættur sem fyrir hendi eru við slíka flutninga.

5. GILDISTAKA O. FL.

5.1. Brot á reglugerð þessari varða við 179. gr. laga um loftferðir nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 86. gr. sömu laga.

5.2. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 15. nóvember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Birgir Guðjónsson.*

**Fylgiskjal I**

## SHIPPER'S CERTIFICATION FOR RESTRICTED ARTICLES
**(excluding radioactive materials)**

**Two completed and signed copies of this certification shall be handed to the carrier. (Use block letters)**

**WARNING: Failure to comply in all respects with the IATA Restricted Articles Regulations may be a breach of the applicable law, subject to legal penalties. This Certification shall in no circumstance be signed by an IATA Cargo Agent, consolidator or a forwarder.**

This consignment is within the limitations prescribed for: *(mark one)*

☐ both passenger and cargo aircraft ☐ only cargo aircraft

| Number of Packages | Article Number (See Section IV RAR) | Proper Shipping Name of Article as shown in Section IV of the IATA Restricted Articles Regulations (RAR). Specify each article separately. | Class | IATA Packing Note no. Applied | Net Quantity per Package | Flash Point (closed cup) For Flammable Liquids °C. | °F. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |

Special Handling Information:

**I hereby certify that the contents of this consignment are fully and accurately described above by Proper Shipping Name and are classified, packed, marked, labelled and in proper condition for carriage by air according to the current Edition of the IATA Restricted Articles Regulations and all applicable carrier and governmental regulations. I acknowledge that I may be liable for damages resulting from any mistatement or omission and I further agree that any air carrier involved in the shipment of this consignment may rely upon this Certification.**

| Name and full address of Shipper | Name and title of person signing Certification |
|---|---|
| | |
| | |
| Date | Signature of the Shipper (see **WARNING** above) |

| Air Waybill No.* | Airport of Departure* | Airport of Destination* |
|---|---|---|
| | | |

**Fylgiskjal II**

## SHIPPER'S CERTIFICATION FOR RADIOACTIVE MATERIALS

Two completed and signed copies of this certification shall be handed to the carrier.
(USE BLOCK LETTERS)

WARNING: Failure to comply in all respects with the IATA Restricted Articles Regulations may be a breach of the applicable law, subject to legal penalties. This Certification shall in no circumstances be signed by an IATA Cargo Agent, consolidator or a forwarder.

This consignment is within the limitations prescribed for: *(mark one)*

☐ both passenger and cargo aircraft ☐ only cargo aircraft

| NATURE AND QUANTITY OF CONTENT | | | | PACKAGE | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| RADIONUCLIDE | FORM | | ACTIVITY | | CATEGORY | TRANSPORT INDEX | TYPE |
| NAME OR SYMBOL OF PRINCIPAL RADIOACTIVE CONTENT | SPECIAL FORM or OTHER FORMS or LOW LEVEL SOLID or LOW SPECIFIC ACTIVITY | CHEMICAL FORM AND PHYSICAL STATE (GAS/ LIQUID/SOLID) | NUMBER OF CURIES, or MILLI-CURIES | NUMBER OF PACKAGES | I-WHITE or II-YELLOW or III-YELLOW LABEL | FOR YELLOW LABEL CATEGORIES ONLY | INDUSTRIAL or TYPE A, or TYPE B(U) or TYPE B(M) |
| | | | | | | | |

COMPETANT AUTHORITY IDENTIFICATION MARK OR NUMBER
(For Special Form, Package Design and Shipment) ☐

ADDITIONAL INFORMATION REQUIRED FOR FISSILE MATERIALS ONLY

EXEMPTED FROM THE ADDITIONAL REQUIREMENTS FOR FISSILE MATERIALS SPECIFIED IN 8.1. OF PART 2 of the IATA RESTRICTED ARTICLES REGULATIONS ☐

NOT EXEMPTED: FISSILE CLASS I ☐ FISSILE CLASS II ☐ FISSILE CLASS III ☐

Additional certificates obtained by the Shipper when necessary:

Special Form Certificate(s) ☐
Type "B" Packaging Certificate(s) ☐
Certificate(s) for Fissile Material ☐
Government Approvals/Permits ☐
Special Arrangements ☐

Special Handling Information

I hereby certify that the contents of this consignment are fully and accurately described above by Proper Shipping Name and are classified, packed, marked, labelled and in proper condition for carriage by air according to the current Edition of the IATA Restricted Articles Regulations and all applicable carrier and governmental regulations. I acknowledge that I may be liable for damages resulting from any mistatement or omission and I further agree that any air carrier involved in the shipment of this consignment may rely upon this Certification.

| Name and full address of Shipper | Name and title of person signing Certification |
|---|---|
| | |
| | |
| Date | Signature of the Shipper (see WARNING above) |

| Air Waybill No * | Airport of Departure * | Airport of Destination * |
|---|---|---|
| | | |

**Fylgiskjal III**

## SHIPPER'S CERTIFICATION FOR RADIOACTIVE MATERIALS

**Two completed and signed copies of this certification shall be handed to the carrier.**
**(Use block letters)**

**WARNING: Failure to comply in all respects with the IATA Restricted Articles Regulations may be a breach of the applicable law, subject to legal penalties. This Certification shall in no circumstance be signed by an IATA Cargo Agent, consolidator or a forwarder.**

This consignment is within the limitations prescribed for: *(mark one)*

☐ both passenger and cargo aircraft ☐ only cargo aircraft

| NATURE AND QUANTITY OF CONTENT | | | | PACKAGE | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| RADIONUCLIDE | GROUP | FORM | ACTIVITY | Number of Packages | CATEGORY | TRANSPORT INDEX | TYPE |
| NAME OR SYMBOL OF PRINCIPAL RADIOACTIVE CONTENT | GROUP NUMBER OF GROUPS I TO VII | CHEMICAL FORM AND PHYSICAL STATE (GAS/ LIQUID/SOLID), or SPECIAL FORM, or SPECIAL ENCAPSULATION | NUMBER OF CURIES, or MILLI-CURIES | | I – WHITE or II – YELLOW or III – YELLOW LABEL | FOR YELLOW LABEL CATEGORIES ONLY | INDUSTRIAL or TYPE A, or TYPE B |
| | | | | | | | |

ADDITIONAL INFORMATION REQUIRED FOR FISSILE MATERIALS ONLY

EXEMPTED FROM THE ADDITIONAL REQUIREMENTS FOR FISSILE MATERIALS SPECIFIED IN 7.1. OF PART 2 OF THE IATA RESTRICTED ARTICLES REGULATIONS ☐
NAMES, PLUS QUANTITY IN GRAMS, OR CONCENTRATION OR ENRICHMENT IN U235:

NOT EXEMPTED: FISSILE CLASS I ☐ FISSILE CLASS II ☐ FISSILE CLASS III ☐

Additional certificates obtained by the Shipper when necessary:

- Special Form Encapsulation Certificate(s) ☐
- Type "B" Packaging Certificate(s) ☐
- Certificate(s) for Fissile Material ☐
- Certificate(s) for Large Radioactive Source ☐
- Government Approvals/Permits ☐

Special Handling Information

**I hereby certify that the contents of this consignment are fully and accurately described above by Proper Shipping Name and are classified, packed, marked, labelled and in proper condition for carriage by air according to the current Edition of the IATA Restricted Articles Regulations and all applicable carrier and governmental regulations. I acknowledge that I may be liable for damages resulting from any mistatement or omission and I further agree that any air carrier involved in the shipment of this consignment may rely upon this Certification.**

| Name and full address of Shipper | Name and title of person signing Certification |
|---|---|
| | |
| | |
| Date | Signature of the Shipper (see **WARNING** above) |

| Air Waybill No.* | Airport of Departure* | Airport of Destination* |
|---|---|---|
| | | |